

# Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar

## FUNDUR - 21. júní 2004

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd 21. júní 2004 að Sölvabakka.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Ákveðið að leggja til við bæjarstjórn að upprekstur hrossa á Laxárdal og Skrapatunguafrétt verði leyfður frá og með 23. júní nk. Og leggur nefndin einnig til að hrossaeigendur láti einhvern af nefndarmönnum vita um fyrirhugaðan rekstur eða flutning.

Nokkrar umræður voru um refa- og minkaveiðar og einnig um frágang vegar við Skrapatungurétt.

Einnig var til umræðu ástand girðinga og skal áréttuð tillaga sem gerð var á fundi 19. júní 2003.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Jakobína Halldórsdóttir  
Gauti Jónsson  
Anna Margrét Jónsdóttir